# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Borgarnesi 1992.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. stafllið c í 2. gr. samþykktar nr. 275/1991 um hundahald í Borgarnesi, skal á árinu 1992 vera kr. 7 000 fyrir árið eða hluta úr ári. Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 275/1991 um hundahald í Borgarnesi skal vera kr. 5 000 auk þess sem greiða skal kr. 500 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Borgarness, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. apríl 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*